





# EFNÍ BLAÐSINS



## Félagið

- 4** Fríða Björnsdóttir:  
Húsakaup BÍ
- 6** Hjálmar Jónsson:  
Níu félagar sæmdir gullmerki BÍ
- 10** Heiðursmerkjahafar BÍ
- 11** Orri Páll Ormarsson:  
Saga Fjölmíðlamótsins
- 17** Fríða Björnsdóttir:  
Hannaði merki Blaðamannafélagsins

## Blaðamannaverðlaun

- 20** Tilnefningar dómnefndar
- 21** Verðlaunahafar og rök dómnefndar
- 22** Björn Vignir Sigurpálsson:  
Mikil fjölgun tilnefninga
- 24** Verðlaunamyndirnar

## Siðadómar

- 30** Úrskurðir Siðanefndar

## Blaðamannafélagið

- 33** Félagatal

**Útgefandi:** *Blaðamannafélag Íslands*

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

*Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).*

**Prófarkalestur:** *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*

**Útlitshönnun:** *Ásprent*

**Prentun:** *Ásprent*

## Skrifstofa Blaðamannafélagsins

*er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155*

*Bréfsími 553-9177*

*Netfang **bi@press.is***

*Heimasíða BÍ **www.press.is***

*Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.*

*Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson formaður*

*og Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri.*



## Forsíðumyndina

*tók Eyþór Árnason. Myndin var bæði valin mynd ársins og tímaritamynd ársins 2016 í ljósmynda-keppni Blaðaljósmyndarafélags Íslands.*

# Í þágu almannahagsmuna

„En er það þá eitthvað sem er sameiginlegt einkenni með blaðamönnum, sem gerir það að verkum að þeir sækja í þetta starf frekar en annað? Ég held það sé eitt umfram annað sem gerir það að verkum að menn dragast að blaðamennsku. Þú verður að hafa ódrepani áhuga á samfélaginu í kringum þig og þeim kröftum sem drífa það áfram. Ef þessi áhugi er ekki fyrir hendi getur viðkomandi aldrei orðið almennilegur blaðamaður og endist ekki í starfinu svo mikið er víst.“ Þetta var eitt af því fölmarga sem fram kom í ræðu Hjálmars Jónssonar, formanns BÍ, þegar hann heiðraði níu félagsmenn með gullmerki félagsins nú í febrúar. Eðlilega beindi formaðurinn við þetta tækifæri kastljósinu að blaðamanninum sem slíkum og þeim eiginleikum sem hann þarf að vera gæddur til að standa undir blaðamannstitlinum. Ígrundun af því tagi sem fram kom þarna hjá formanni um einkenni faglegra blaðamanna á vissulega erindi víðar og oftar. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn mikilvægt að beina kastljósinu að einkennum góðrar og faglegrar blaðamennsku og nú þegar gjörningahríð markaðsvæðingar, hagræðingar, samkeppni og tæknibyltinga einkennir starfsumhverfið. Og eins og lesa má úr orðum formannsins þá eru grundvallargildi blaðamenskunnar ekki spurning um fjárhagslega eða efnislega umbun heldur snúast þau um þjónustu við almannahagsmuni, ástríðu fyrir samfélaginu og lýðræði. Hér liggur stóri munurinn á blaðamanni og ýmsum öðrum sem vinna við upplýsingamiðlun – hjá blaðamanni ráða almannahagsmunir för, ekki sérhagsmunir.

Mikilvægur þáttur í þróun íslenskra blaðamanna sem fagstéttar er að hafa öflugt félag að baki sér, félag sem er vettvangur faglegrar umræðu og sem jafnframt berst fyrir því að starfskilyrði og launakjör séu þess eðlis að hægt sé ástunda góða blaðamennsku. Slíkur vettvangur er sameign stéttarinnar og saga félagsins þannig hluti af sameiginlegri arfleifð. Uppbygging félagsaðstöðu og þróun hennar er mikilvægur hluti af þessari arfleifð ekki síður en virðingin fyrir sögu og reynslu þeirra félaga sem nú hafa verið sæmdir gullmerki.

Á vettvangi félagsins hafa ýmis skref verið stigin til eflingar faglegrar umræðu. Mikilvægt skref í þá átt var að efna til blaðamannaverðlauna sem fyrst voru veitt fyrir árið 2003. Í ávarpi Björns Vignis Sigurpálssonar, formanns dómnefndar, við veitingu verðlaunanna í ár kom fram að tilnefningar hafa trúlega aldrei verið fleiri. Það er til marks um að mikill áhugi er fyrir verðlaununum og metnaður er mikill hjá blaðamönnum um að gera vel. Hvort sem menn síðan gleðjast eða verða fyrir vonbrigðum þegar síðan tilnefningar dómnefndar og niðurstöður eru kynntar, er ljóst að verðlaunin hafa náð megintilgangi sínum. Þau draga athygli að því sem vel er gert, en samhliða – og það er ekki síður mikilvægt – verðlaunaveitingin skapar umræður og jafnvel rökræður um gæði í blaðamannsku.

Í þessu tölublaði Blaðamannsins er athyglin að mestu leyti á innra starf blaðamanna og því sem lýtur að faglegum þáttum íslenskrar blaðamennsku. Gullmerki til reynslumikilla félaga, tímamót í húsnæðismálum söguleg upprifjun, blaðamannaverðlaun og myndir ársins eru einmitt allt dæmi um mikilvægt starf sem eflir fagvitund blaðamanna.

*Birgir Guðmundsson*

## Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, form.  
Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðið, varaform.  
Sólrun Lilja Ragnarsdóttir, DV, ritari  
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2, gjaldkeri  
Helga Arnardóttir, RÚV  
Ingveldur Geirsdóttir, Morgunblaðið  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur

## Varamenn:

Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðið  
Björn Jóhann Björnsson, Morgunblaðið  
Jóhann Hlíðar Harðarson, RÚV

## Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ  
Óli Kristján Ármannsson, varaformaður BÍ  
Guðni Einarsson, Mbl.  
Höskuldur Schram, Stöð 2  
Aðalsteinn Kjartansson, DV.  
Kolbeinn Þorsteinsson, DV

## Varamenn:

Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2  
Guðjón Guðmundsson, Viðskiptablaðið  
Guðmundur Bergkvist, RÚV

## Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Björn Vignir Sigurpálsson  
Kári Jónasson  
Arndís Þorgeirsdóttir  
Svanborg Sigmarsdóttir  
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

## Menningar- og orlofshúsasjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður  
Lúðvík Geirsson  
Hilmar Karlsson

## Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

## Stjórn Styrktarsjóðs:

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður  
Hjálmar Jónsson  
Lilly Valgerður Pétursdóttir

## Varamenn:

Baldur Guðmundsson, DV  
Guðni Einarsson, Morgunblaðið  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur

## Skoðunarmenn reikninga:

Sigtryggur Sigtryggsson  
Sigurður Hreiðar

## Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

## Kjörnefnd:

Arndís Þorgeirsdóttir  
Geir Guðsteinsson  
Hilmar Karlsson

## Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið: Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir  
DV: Kolbeinn Þorsteinsson  
Stöð 2 og Vísir: Höskuldur Kári Schram  
Birtingur: Anna Brynja Baldursdóttir  
Bændablaðið: Erla Gunnarsdóttir  
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson

# Húsakaup BÍ og nýr salur vígður

*Blaðmenn komu saman í nýja salnum í Síðumúlanum 5. febrúar sl. Þá flutti Fríða Björnsdóttir ávarp og sagði sögu húsakaupanna frá upphafi og fer það hér á eftir.*

Í dag eru þrjátíu og sjö ár og tveir dagar síðan stór hópur hressra og kátra blaðamanna kom saman í þessum sal í fyrsta sinn. Það var 7. febrúar 1979.

Blaðamannafélagið hafði eignast þak yfir höfuðið og vígja skyldi húseignina. Nú vígjum við þennan glæsilega sal í annað sinn og fögnum því að félagið hefur loks eignast alla hæðina hér í Síðumúla 23. Það varð þó ekki fyrr en hún hafði verið seld að hluta og keypt aftur nokkrum sinnum.

Sagan hófst með því að um hádeg-

isbilið á gamlársdag 1978 söfnuðust hér saman, stjórn Blaðamannafélagsins og menningarsjóðs, í þeim tilgangi að undirrita kaupsamning en félagið ætlaði að kaupa tvo þriðju hæðar hér í Síðumúlanum af félaginu Múlafelli. Einn þriðja hluta keypti Stjórnunarfélagið á sama tíma.

Úti var svo mikill snjór að einn af stjórnarmönnum Stjórnunarfélagsins kom á skíðum en við hin létum okkur nægja að koma á vel búnum bílum.

BÍ keypti í þetta sinn salinn sem við stöndum nú í, eldhúsið og lítið herbergi, sem ég hef kallað herbergið mitt, en það nægði til að halda stjórnarfundum og til að koma fyrir fátæklegum eigum félagsins.

Frá því snemma á sjöunda áratugnum hafði félagið verið í leiguhúsnæði, fyrst á Vesturgötu 25, í forstofuherbergi í húsi hálfbróður Atla Steinarssonar en Atli var þá gjaldkeri Blaðamannafélagsins. Í Félagstíðindum Blaðamannafélagsins sem komu út í apríl 1967 segir: BÍ er nú í sambúð við Rithöfundasamband Íslands á skrifstofunni að Vesturgötu 25. Deilist leigukostnaðurinn á báða aðila þannig að BÍ greiðir 2/3 en Rithöfundasambandið 1/3 en það leggur einnig til síma og greiðir að óskiptu. Ég kom fyrst í þetta herbergi á stjórnarfund 1973 eftir að hafa verið kosin varamaður í stjórn BÍ. Á áttunda áratugnum leigði félagið síðan herbergi á



*Fjöldmenn var þegar nýi salurinn var formlega tekinn í notkun.*

*Mynd: Stefán Karlsson*



Hjalmar Jónsson, formaður BÍ, gefur Fríðu Björnsdóttur orðið.

Mynd: Stefán Karlsson

efstu hæð að Skólavörðustíg 12, en þar vorum við í nábýli við Rauðsokkurnar sem voru þarna með starfsemi sína og héldu þar fjölmenna fundi. Eftir að við keyptum Síðumúllann og fluttum þangað höfum við ekki farið úr húsinu en þó flutt svolítið til og frá hér á þriðju hæðinni.

## Leigt og selt

Ekki þurftum við á þessum tíma á öllu húsnæðinu að halda og leigðum Vikunni salinn í nokkur ár en síðar komu starfsmenn frá Erni og Örlygi í húsa-kynnin og hér var samin ensk íslenska orðabókin sem bókaútgáfan gaf út.

Enn komu nýir leigjendur til sögunnar og voru það Securitasmenn sem höfðu fest kaup á hæðinni hér fyrir neðan okkur. Þeir tóku þó aðeins hluta salarins undir sig í byrjun og sjálf innréttuðum við fundarherbergi í norðanverðum salnum sem nú má loka af og deila þannig húsnæðinu í tvennt ef þurfa þykir.

Árið 1989 höfðum við komist að þeirri niðurstöðu að okkur hentaði ekki allt þetta húsnæði eins og það var skipulagt. Stjórnunarfélagið var flutt út og þar kom að okkur tókst að semja um verð á þeirra hluta hæðarinnar í vesturendanum sem og skrifstofuherbergjunum tveimur sem við

höfum notað alla tíð síðan. Um leið seldum við Securitas allt rýmið í austurendanum þar sem við nú erum saman komin. Við slepptum þó ekki alveg hendinni af upprunalegu eigninni og héldum eftir eldhúsinu og litla herberginu mínu. En svo fór Securitas úr húsinu og í kjölfar hrunsins komst húsnæðið í eigu aðskiljanlegra fjármálamanna.

Hjalmar Jónsson hafði fyrir löngu fengið augastað á þessum enda og tókst að lokum að kaupa hann fyrir gott verð og hér erum við í dag í eigin glæsisal sem vonandi á eftir að nýtast félaginu og félagsmönnum sem flestum um langan aldur.

## Kaup og sala í krónum

Bara til að halda til haga krónum og aurum sem í þetta hafa farið þá má nefna að upphaflega greiddum við 28,7 milljónir gamalla króna fyrir fyrsta hlutann okkar hér. Síðan seldum við Securitas salinn á 4,6 milljónir í nóvember 1989 og keyptum á sama tíma af Stjórnunarfélaginu fyrir 4,5 milljónir. Salinn okkar keyptum við svo aftur fyrir 23 milljónir. Líklega er ekki hægt að leggja alveg að jöfnu gömlu krónuna og hina nýju en svona tölulega séð má segja að við höfum greitt sama verð fyrir salinn og áður því 5,7

milljónirnar sem á milli eru hefðu farið í að kaupa herbergið og eldhúsið, hefðum við ekki átt það enn.

Kári Jónasson var formaður BÍ við fyrstu kaupin, Lúðvík Geirsson þegar eignaskiptin fóru fram og við seldum Securitas og keyptum af Stjórnunarfélaginu og Hjalmar Jónsson þegar þessi salur var keyptur og færður í þetta glæsilega horf, en um hönnunina sá Margrét Sigfúsdóttir innanhúsrarkitekt.

## Smágrobb í lokin

Þið verðið að fyrirgefa mér gamalli konunni þótt ég endi þessa frásögn á því að segja frá því að ég skrifaði undir alla kaup- og sölusamningana, fyrst sem gjaldkeri Blaðamannafélagsins og síðan sem framkvæmdastjóri og loks nú síðast á nýjan leik í júní 2014 sem formaður Menningarsjóðs sem á hluta hæðarinnar. Ég verð um leið að monta mig af því að hafa í hinum ýmsu hlutverkum mínum í þágu félagsins keypt sumarbústaðina í Brekku, húsið á Akureyri og nú síðast bústaðinn í Stykkishólmi. Ég held ég geti lofað ykkur að ég mun ekki taka þátt í fleiri transaksjónum fyrir BÍ því nú fer senn að verða nóg komið.



Skiltið um Blaðamannaklúbbinn sem var við turnherbergið á Hótel Borg er nú komið upp í húsakynnum Blaðamannafélagsins.

# Blaðamannaklúbburinn

## – nafn nýja salar BÍ

*Pegar nýi salur Blaðamannafélagsins var tekinn formlega í notkun í byrjun febrúar 2016 þótti nauðsynlegt að gefa honum nafn. Hlaut hann nafnið Blaðamannaklúbburinn. Salurinn rúmar um hundrað manns í sæti og er glæsilegur fundar- og veislusalur, enda er ætlunin að leigja hann út og þá ekki síst til félagsmanna. Salnum má skipta í tvennt, ef halda á í honum minni fundi.*

Í janúar var efnt til hugmynda-samkeppni um nafnið á salnum. Bárust allmargar tillögur og valdi stjórn félagsins nafnið. Það var Arndís Þorgeirsdóttir blaðamaður sem átti hugmyndina að nafninu sem fór með sigur af hölm. Ekki voru allir sammála þegar hugmyndin kom fram en svo fór að Blaðamannaklúbburinn varð fyrir valinu.

Pegar hér var komið sagði Hjálmar stjórninni að svo merkilega vildi til að til væri skilti með þessu nafni og þótti það skemmtileg tilviljun og hafði þó á

engan hátt haft áhrif á nafnavalið, enda vissu menn ekkert um tilvist skiltisins né uppruna þess þar sem stjórnarmenn eru ungir að árum.

Reyndar er það ekki tilviljun að í fórum félagsins skyldi vera þetta gamla skilti sem á stendur Blaðamannaklúbburinn og þar undir Icelandic Press Club. Í júlí árið 1962 var þetta skilti nefnilega sett upp við dyr turnherbergisins á Hótel Borg þar sem félagið fékk inni með samkomur sínar einu sinni í viku, á föstudagskvöldum. Þarna kom undirrituð og fjöldamargir aðrir blaðamenn, en svo fór að Borgarmönnum þótti heldur mikið fyrir þessum gestum fara og starfsemin var lögð niður. Skiltið komst í eigu félagsins og var meira að segja uppi á vegg í salnum í vestur-enda Síðumúlans. Fáir vissu reyndar um tilkomu eða tilvist skiltisins en þegar ég sagði Hjálmar Jónssyni frá þessu að morgni vígsludagsins fannst honum nafnið vel við hæfi og

ekki síst vegna þess að það tengir á vissan hátt nútímann við fortíðina. En við frásögnina um að nokkuð hafi farið fyrir blaðamönnum í turnherberginu sem varð til þess að þeim var vísað á burt bætti Kári Jónasson, blaðamaður og fyrrum fréttastjóri Útvarps, um betur en hann mundi þennan tíma vel. Hann sagði okkur að það hefði ekki bara verið hávaði í salnum heldur endaði síðasta kvöldið á því að menn tóku til við að henda stólum salarins út af svölunum og niður á götu. Þá þótti Borgarmönnum nóg komið og Pétur Danielsson hótélstjóri kvaddi hópinn í síðasta sinn.

Eftir að gestir á vígsluhátíðinni höfðu heyrt þessa sögu og salnum hafði verið gefið nafnið þáðu þeir veitingar og spjölluðu saman um stund en kvöldinu lauk á mun fríðsamari hátt en gerst hafði fyrir rúmum fimmtíu árum í Turninum á Borginni.

-fb.

# Við eru öll á sama farrými í BÍ

## Níu félagar sæmdir gullmerki BÍ

*Í síðasta mánuði voru níu félagar í BÍ sæmdir gullmerki félagsins fyrir störf við blaðamensku í yfir 40 ár. Það var Hjálmar Jónsson, formaður félagsins, sem sæmdi þessa féлага merkinu og hélt hann ræðu af þessu tilefni sem birtist hér á eftir:*

Það er mér mikið ánægjuefni að bjóða ykkur velkomin í þennan nýja sal Blaðamannafélagsins 37 árum og tveimur dögum eftir að félagið tók formlega í notkun félagshúsnæði sitt hér í Síðumúlanum, en það voru jafnframt fyrstu fasteignakaup félagsins.

Það hefur verið einhver farsæld yfir þessu, Guði sé lof fyrir það, og vonandi verður framhald á því.

Ég hef stundum sagt að stéttarfélag sé eins og björgunarfleki, þar sem allir eru á sama farrými. Þannig þarf að vera og mér finnst þegar ég hugsa



Hjálmar Jónsson flytur ávarp sitt.

Mynd: Stefán Karlsson

til baka að reynt hafi verið að hafa þá þá reglu í hávegum hér í félaginu. Við njótum þess í dag að hér hafa menn lagt stein við stein í gegnum tíðina. Ótalmargir hafa lagt hönd á plóg og unnið óeigingjörn störf í þágu félagsins, sem undantekningalítið hafa verið ólaunuð. Í því sambandi má nefna stjórn félagsins og nánast allar nefndir á vegum þess, sem eru fleiri en í mörgum öðrum félögum vegna alls þess faglega starfs sem hér er unnið. Þar nýtur félagið þess eflaust að blaðamennska er áhugadrið starf og blaðamenn spyrja gjarnan ekki fyrr en í lokin; hvað fæ ég borgað?! Það er þó á engan hallað þó ég taki sérstaklega út úr nafn Fríðu Björnsdóttur, fyrrum framkvæmdastjóra félagsins, sem var áratugum saman vakandi og sofandi yfir velferð þess og skilaði svo góðu búi að jafnvel ég hef getað villt á mér heimildir og þóst vera góður rekstrarmaður.

## Traustur grunnur

Það skiptir gríðarlegu máli í svona rekstri að grunnurinn sé traustur, fjárhagurinn sé sterkur, einar og sömu reglurnar gildi fyrir alla og að félagið eigi sitt eigið húsnæði sem hæfir þörfum þess á hverjum tíma. Húsnæðið var orðið of lítið og það var farið að há starfseminni á þann veg að við höfðum ekki nægilega stóra fundarsali undir fjölmennari fundi, en félagatalan meira en tvöfaldast og jafnvel næstum þrefaldast frá því á áttunda áratugum þegar húsnæðið í Síðumúla var keypt. Úr þessu hefur nú verið bætt með opnun þessara tveggja fundarsala, sem hægt er að breyta í einn þegar hentar eins og nú. Báðir eru salirnir búnir fullkomnum tækjum til námskeiðshalds og fundarstarfa. Þá er lyfta komin í húsið, enda ófært annað en að stéttarfélag sé öllum aðgengilegt, sem þangað eiga erindi. Ég sé ekki annað en þetta húsnæði eigi eftir að fullnægja þörfum félagsins um fyrirsjáanlega framtíð og það eigi eftir að verða öllu faglegu starfi innan félagsins gríðarleg lyftistöng þegar fram líða stundir.

## Á tímamótum

Fáar greinar hafa mátt pola jafn miklar breytingar á undanförunum áratugum og fjölmiðlun. Þegar ég hóf störf fyrir tæpum 35 árum var faxtækið byltingakennd uppfinding. Þeir sem hófu störf áratug fyrr gátu náð í skottið á blýinu áður en ofsettið hélt innreið sína. Við stöndum á tímamótum og við vitum enn þá síður nú en kannski oft áður hvað framtíðin ber í skauti sínu. Eftir sem áður eru meginreglur góðrar blaðamennsku þær sömu, heiðarleiki og gagnrýnin hugsun, en tækin eru önnur en áður. Með sama hætti þurfa stéttarfélag að þróast og breytast til að vera betur í stakk búin til þess að mæta þörfum félagsmanna sinna. Þessi aðstaða sem hér er tekin í notkun nú er þáttur í þeirri viðleitni. Nútíminn gerir kröfur um aukið faglegt starf og símenntun og þessi aðstaða nýtist vel í þeim efnum.

## Réttindamál

En það er ekki bara á því sviði sem við þurfum að bregðast við sem stéttarfélag. Við þurfum að horfa til þess hvernig samfélagið mætir þörfum fólks, eins og hvað varðar atvinnuleysi, veikindarétt, heilbrigðiskostnað og endurmenntun. Íslenskt velferðarkerfi er því miður alltof göttótt í þessum efnum. Að einhverju leyti höfum við brugðist við því með áherslum í kjarasamningum og með því að nota það fjármagn sem er í vörslu félagsins, en betur má ef duga skal. Þetta margumrædda hrun, eftirmálar þess og gjörbreytt samfélagsgerð, hafa leitt mér fyrir sjónir hversu ótrúlega við Íslendingar erum aftarlega á merinni í mörgum efnum, sem varða atvinnuleysi, veikindarétt og sjúkrakostnað fólks á vinnumarkaði. Við því þurfum við sem stéttarfélag að bregðast! Með sama hætti og safnað var í verkfalls-sjóði þegar verkföll voru vopn fátæks fólks til að verja lífsviðurværi sitt en ekki tæki til sérhagsmunagæslu, þurfum við nú að vera í stakk búin til þess að bregðast við og mæta að einhverju leyti þörfum þeirra félaga okkar sem koma að lokuðum dyrum í íslensku velferðarkerfi.

## Blaðamennska

En víkjum nú að öðru. Við heiðrum nú hér níu féлага í Blaðamannafélagi Íslands fyrir langan og farsælan feril í blaðamennsku með því að veita þeim gullmerki félagsins fyrir að hafa helgað lífsstarf sitt fjölmiðlastörfum og hagsmunum blaðamannastéttarinnar. Þetta heiðursmerki hefur verið veitt frá árinu 1987, en hefur nú verið slegið að nýju. Það er merki félagsins slegið í 14 karata gull.

Einhvern tíma heyrði ég sagt eða bjó það kannski til sjálfur, að sjaldnast sé það þannig að maður velji sér blaðamennsku að lífsstarfi, heldur sé það blaðamennskan sem velji mann. Ég held það sé mikið til í þessu. Þannig var það alla vega með mig og með svo marga aðra ef ég lít í kringum mig. Og aldrei sé ég eftir því að blaðamennskan hafi valið mig og hygg að eins sé þeim háttáð sem hér verða heiðraðir í kvöld. Fáar stéttir held ég séu með jafn ólíkan bakgrunn og blaðamenn. Menn eru heimspekingar, lögfræðingar, viðskiptafræðingar, sagnfræðingar, íslenskufraðingar, bókmenntafræðingar og í seinni tíma gjarnan stjórnmála- eða félagsfræðingar. Og í seinni tíma auðvitað fjölmiðlafræðingar eða þeir sem lagt hafa stund á blaðamennsku á þeim nýju námsbrautum sem settar hafa verið á laggirnar. Það var hins vegar raunar þannig hér áður að þeim sem höfðu lært fjölmiðlafræði í háskólum var tekið með ákveðnum fyrirvara þegar þeir komu til starfa á ritstjórninni þar sem ég eyddi lunga ævinnar og þannig hygg ég að það hafi verið víðar. Maður lærir ekki blaðamennsku nema vinna við fagið var viðhorfið. Stundum voru blaðamenn „dropouts“ úr menntaskóla eða háskóla, ekki vegna þess að þeir hafi ekki haft gáfur til þess að klára námið heldur miklu frekar vegna þess að námið var ekki að svara þörfum þeirra eða þeir byrjuðu að skrifa jafnhliða námi. Þá var oft sjálfhætt í náminu, blaðamennskan var bara svo miklu skemmtilegri.

En er það þá eitthvað sem er sameiginlegt einkenni með blaðamönnum, sem gerir það að verkum að þeir sækja í þetta starf frekar en annað? Ég

held það sé eitt umfram annað sem gerir það að verkum að menn dragast að blaðamennsku. Þú verður að hafa ódrepanði áhuga á samfélaginu í kringum þig og þeim kröftum sem drífa það áfram. Ef þessi áhugi er ekki fyrir hendi getur viðkomandi aldrei orðið almennilegur blaðamaður og endist ekki í starfinu, svo mikið er víst.

## Blaðamenn á breytingatímum

Þeir sem hér eru heiðraðir eru glæsilegir fulltrúar íslenskrar blaðamennsku og þeirra hugsjóna sem blaðamenn eiga að hafa í heiðri í störfum sínum. Það blað væri ekki illa á vegi statt sem hefði yfir þeirra starfskröftum að ráða. Hér eru blaðamenn og fréttastjórar, ljósmyndarar, ritstjórnarfulltrúar, útlitsteiknarar og íþróttafréttamenn, sum sé allt sem þarf til að gefa út gott dagblað. Þetta er menn sem hófu störf á árabílinu 1965 til 1975 og hafa enst í þessu starfi alla tíð síðan. Þeir hefja störf á þeim tíma sem flokksblöðin réðu ríkjum og hafa upplifað ótrúlegar breytingar á ferli sínum sem blaðamenn. Tími flokksblaðanna hefur verið gagnrýndur á ósanngjörnum forsendum að mínu viti. Ég hef verið að hugsa hveru ótrúlega mikil og öflug blaðaútgáfa var í landinu á þessum tíma, þegar Alþýðublaðið, Tíminn, Morgunblaðið, Þjóðviljinn, Vísir, Dagur, Dagblaðið og Helgarpósturinn komu öll út. Íslenskur almenningur fékk ótrúlega miklar upplýsingar frá ólíkum hliðum. Fyrir mann eins mig sem ólst upp á þessum tíma var þetta gósentíð. Þú þurftir helst að lesa öll blöðin eða velflest og þú fékkst mjög góðar upplýsingar um flest það sem var að gerast í íslensku samfélagi á þessum tímum. Þarna vissu menn hvar þeir stóðu og velktust ekki í vafa um það. Nú hins vegar þegar samskiptamiðlanir eru farnir að tröllríða

öllu er eins og margir fjölmiðlamenn hafi gjörsamlega tapað fjarlægðinni á sjálfa sig, því miður, og líti á sig sem boðbera einhvers sannleika þegar þeir eru í raun oft einungis að upplýsa um eigin hleypidóma. Við verðum nefnilega að þola umræðuna og bera virðingu fyrir sjónarmiðum annarra. Einungis þannig miðar okkur fram á við og það er ekkert sem tryggir þetta með sama hætti og öflug samkeppni. Og hún ríkti á tímum flokksblaðanna svo sannarlega, og ólík sjónarmið komu fram og menn voru meðvitaðir um að ólíkar skoðanir ættu sér rætur í ólíkum lífsskoðunum og það kom skýrt fram.



Gullmerki BÍ.

## Gullmerkið

Það er mér mikið gleðiefni að hafa það hlutverk að heiðra þessa ágætu blaðamenn með því að veita þeim gullmerki Blaðamannafélags Íslands. Ótrúlega margir þeirra voru samstarfsmenn mínir í áratugi, leiðbeindu mér í faginu, þó ég hafi oft talið mig vita betur. Aðra hef ég þekkt í áratugi, suma úr fjarlægð til að byrja með en síðan betur eftir að ég hóf að starfa hér á félaginu fyrir bráðum 14 árum, ótrúlegt en satt. Allt eru þetta vinir og traustir félagar.

**Freysteinn Jóhannsson** byrjaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu

árið 1967 og þegar hann hafði verið þar í tvö ár fór hann í eitt ár á blaðamannaskóla í Noregi. Hann kom aftur til starfa á Morgunblaðinu en um miðjan áttunda áratuginn varð hann ritstjóri á Alþýðublaðinu og var þar um tveggja ára skeið. Eftir veru sína á Alþýðublaðinu vann hann um tveggja ára skeið á Tímanum áður en hann fór svo aftur á Morgunblaðið. Freysteinn varð fréttastjóri á Morgunblaðinu árið 1981. Hann hætti á Mogganum árið 2009.

**Sigtryggur Sigtryggsson** byrjaði á Alþýðublaðinu 1. okt. 1970 og flutti sig yfir á Morgunblaðið vorið 1974. Þá var sjö vikna prentaraverkfall þannig að hann skrifaði ekki staf í blaðið fyrr

en eftir sex vikur. Sigtryggur varð fréttastjóri á Morgunblaðinu 1. febrúar 1981 og hefur verið fréttastjóri síðan eða í 35 ár! Hann hefur einnig verið skoðunarmaður reikninga Blaðamannafélagsins frá árinu 1976.

## Gunnar V. Andrésen

Ljósmyndari hóf nám í myndamótagerð á Tímanum árið 1966. Fyrsta mynd hans birtist á forsíðu sunnudagsblaðs Tímans í júní 1966 og eftir það var teningunum kastað. Hann fór yfir á Vísir 1978 og yfir á DV 1981 þegar DB og Vísir sameinuðust. Hann var þar til ársins 2003 þegar þáverandi rekstraraðilar urðu gjaldþrota og hefur

síðan verið á Fréttablaðinu.

**Sigurdór Sigurdórssen** byrjaði að skrifa íþróttaréttir í Þjóðviljann árið 1968 og varð blaðamaður þar árið 1970. Hann færði sig yfir á DV árið 1986 og yfir á Dag nokkrum árum síðar. Sigurdór fór síðan yfir á Bændablaðið og vann þar til ársins 2013 þegar hann fór á eftirlaun.

**Sigmundur Ó. Steinarsson** byrjaði að skrifa um íþróttir í Tímann árið 1971. Fór 1980 yfir á Vísir, sem varð að DV ári síðar. Hann var þar til ársins 1987 að hann fór yfir á Morgunblaðið með stuttri viðkomu sem ritstjóri á blaðinu Reykjanesi. Hann varð fréttastjóri



Þeir sem fengu gullmerki BÍ eða fulltrúar þeirra ásamt formanni BÍ. Frá vinstri: Hjálmar Jónsson, Arnór G. Ragnarsson, Þórunn Jörgensen, Sigmundur Ó. Steinarsson, Gunnar V. Andrésson, Sigurdór Sigurdórssón, Sigtryggur Sigtryggsson, Margrét Þóra Þorláksdóttir og Pröstur Haraldsson. Þórunn og Margrét voru fulltrúar Árna Jörgensen. Ágúst Ingi Jónsson og Freysteinn Jóhannsson voru fjarstaddir.

Mynd: Stefán Karlsson

stjóri íþróttafréttu á Morgunblaðinu þar til í maí 2008. Eftir það og meðfram störfum alla tíð hefur hann verið í lausamennsku, einkum við bókaskrif síðustu árin.

**Pröstur Haraldsson** byrjaði sem prófarkalesari á Vísi haustið 1971 og náði þannig í skottið á blýsetningunni. Hann byrjaði svo í ársbyrjun 1973 sem blaðamaður á Þjóðviljanum og hefur síðan komið víða við, verið ritstjóri Norðurlands og á Degi fyrir norðan í nokkur ár. Hann var einnig á Helgarpóstinum, Tímanum og Vísi og í lausmennsku. Hann var á Lækna-

blaðinu 1998 til 2006 og á Bændablaðinu í fimm ár og hefur síðan verið í lausamennsku.

**Arni Jörgensen** byrjaði á Morgunblaðinu árið 1973, strax eftir nám í Þýskalandi. Hann var verkstjóri yfir útlitsdeild Morgunblaðsins og varð fulltrúi ritstjóra árið 1984. Hann varð síðar útlitsritstjóri Morgunblaðsins og eftir starfslok þar hefur hann unnið að útlitshönnun nokkurra dagblaða hér.

**Arnór G. Ragnarsson** er prentari að mennt og byrjaði að læra á Morgunblaðinu í ársbyrjun 1966. Á þeim tíma, í blýinu, sum sé, unnu

blaðamenn og prentarar saman við að raða upp síðum. Arnór færði sig yfir á útlitsteikunardeild blaðsins og var verkstjóri hennar í áratugi. Hann ól allan sinn aldur á Morgunblaðinu og hætti þar störfum fyrir örfáum misserum.

**Ágúst Ingi Jónsson** byrjaði í blaðamennsku á Morgunblaðinu í sumarbyrjun 1972 og hefur verið þar óslitið síðan ef frá er talinn einn vetur við blaðamennskunám í Osló. Hann varð fréttastjóri á Morgunblaðinu árið 1984 og starfar þar enn.

## Heiðursmerkjahafar BÍ

Arnór G. Ragnarsson  
Atli Steinarsson  
Ágúst Ingi Jónsson  
Árni Jörgensen  
Björn Jóhannsson  
Björn Vignir Sigurpálsson  
Elín Pálmadóttir  
Freysteinn Jóhannsson,  
Fríða Björnsdóttir

Gísli Ástþórsson  
Gísli Sigurðsson  
Gunnar V. Andrésson  
Hallur Símonarson  
Jónas Kristjánsson  
Kári Jónasson  
Magnús Finnsson  
Matthías Johannessen  
Sigmundur Ó. Steinarsson

Sigtryggur Sigtryggsson  
Sigurdór Sigurdórssón  
Steinar J. Lúðvíksson  
Sverrir Þórðarson  
Þorbjörn Guðmundsson  
Þórarinn Þórarinnsson  
Pröstur Haraldsson

## Saga

Fjölmíðla-  
mótsins í knattspyrnu

## Leikmenn A-liðsins ennþá með sting í hjartanu

Eftir  
Orra Pál Ormarsson

*Góðir hlutir gerast hægt og því kom það ekki nokkrum manni úr jafnvægi að Fjölmíðlamótið í knattspyrnu 2015 skyldi ekki fara fram fyrir en föstudagskvöldið 11. mars 2016. Var það gjört með pomp og prakt en mótið var nú haldið í 29. skipti.*

Mörg undanfarin ár hefur Fjölmíðlamótið farið fram í Fífunni í Kópavogi en nú varð nýr staður fyrir valinu, Sparkhöllin í sama bæjarfélagi. Leikið var á tveimur sparkvöllum, fimm í liði og boltinn aldrei úr leik, sem er nýlunda á mótinu. Gekk mönnum misvel að laga sig að þeirri breytingu. Eins og gengur. Hraðinn var að vonum mikill en til allrar hamingju sammæltust menn um að spyrna í anda séra Friðriks og fyrir vikið bar kappið ekki fegurðina ofurliði. Mótsstjórn var í öruggum höndum Hjálmars Jóns-

sonar, formanns Bláðamannafélagsins.

SkjárEinn sigraði á mótinu, annað árið í röð. Lagði DV/Vefpressuna í úrslitaleik, 6:1. Þótti liðið vel að sigrinum komið enda tefldi Skjárinn fram spræku liði með Framarann Einar Bjarna Ómarsson og ÍR-inginn Alexander Kostic í broddi fylkingar. Fátt var um svör í röðum andstæðinganna, aðeins Mbl.is náði stigi af meisturunum í riðlakeppninni. Það var Vésteinn Gauti Hauksson fyrirlíði sem lyfti glænyjum fjölmíðlabikar í mótslok en fyrsti miðillinn sem vinnur hann þrisvar slær eign sinni á bikarinn.

Sporttv.is hirti þriðja sætið eftir sigur á Mbl.is en þeir sportverjar voru að þreyta frumraun sína á mótinu.

**Ellefu Íslandsmeistaratitlar**

Mótið var býsna sterkt, eins og mörg undanfarin ár, og sjá mátti kunnugleg andlit úr samtímasparksögu Íslands í Kópavoginum. Má þar nefna Tryggva Guðmundsson (Fotbolti.net) og Frey Bjarnason (Mbl.is) en þeir búa samtals að ellefu Íslandsmeistaratitlum. Þá voru þarna menn sem lengi léku í efstu deild, svo sem Salih Heimir Porca (RÚV), Guðmundur Hilmarsson (Morgunblaðinu) og Viðar Guðjónsson (Mbl.is). Einn leikmaður, sem nú leikur í efstu deild, kom við sögu á mótinu,

FH-ingurinn Þórarinn Ingi Valdimarsson, sem lék með DV/Vefpressunni. Hann þurfti reyndar frá að hverfa áður en yfir lauk og munaði um minna.

Aldursforseti mótsins var Víðir Sigurðsson, fréttastjóri Íþróttá Morgunblaðinu, en hann var einnig meðal keppenda á fyrsta Fjölmíðlamótinu árið 1982. Víðir hefur nokkrum sinnum unnið mótið, bæði með DV og síðar Morgunblaðinu, en nú viðurkennir hann að sigurinn sé í því fólgin að vera með. Enn eitt skiptið. Fjölmargir leikmenn á mótinu nú voru ekki fæddir þegar fyrsta mótið fór fram. Sama gildir um langflesta miðlana. Aðeins Ríkisútvarpið, DV og Morgunblaðið voru til 1982.

Hinir sjö miðlarnir sem mættu til leiks að þessu sinni voru: Mbl.is, Áttan, Fotbolti.net, 365, Sporttv.is, SkjárEinn og K100.

**DV fyrsti meistarinn**

Fjölmíðlamótið í knattspyrnu var fyrst haldið í Íþróttahúsi Kennaraháskólans 4. apríl 1982. DV fór með sigur af hólmi á mótinu, lagði útgáfufélagið Hilmi, sem meðal annars gaf út Vikuna, í úrslitaleik. Í liði DV voru Eiríkur Jónsson, Friðþjófur Helgason. Ellert B. Schram, Gunnar V. Andrésen og Sveinlaugur Kristjánsson. Eiríkur Jónsson, sem nú er stuðlastjóri

Íslenskra getrauna, man ekki hversu margir miðlar áttu lið í þessu fyrsta móti og ekki heldur Víðir Sigurðsson, sem keppti þar fyrir hönd Þjóðviljans. „Skýrasta minning mín frá þessu móti er sú að ég fékk Stefán Jón Hafstein ofan á mig í öllu sínu veldi en hann hefur líklega verið í liði Ríkisútvarpsins,“ rifjar Víðir upp spöskur á svip.

Næsta mót fór fram í janúar 1985. Einnig innanhúss. Aftur bar DV sigur úr bítum; lagði NT 5:2 í úrslitaleik. Meðal annarra miðla sem tóku þátt voru Frjálst framtak, Helgarpósturinn, Ríkissjónvarpið og Alþýðublaðið.

Að sögn Eiríks Jónssonar hefur mótinu að öllum líkindum verið frestað fram yfir áramót, alltént á hann í förum sínum verðlaunapening vegna Fjölmíðlamóts 1984.

Ekki eru heimildir fyrir því að fjölmíðlamót hafi farið fram árin 1986 og 1987.

Árið 1988 var mótið hins vegar endurvakið, fyrir atbeina knattspyrnuáhugamanna á DV. Eiríkur Jónsson segir þá hafa verið með fastan tíma á gervigrasinu í Laugardal og niður-



*Gamli Fjölmíðlabikarinn er nú í geymslu á góðum stað í húsakynnum Blaðamannafélagsins.*

staðan varð sú að mótið var haldið þar. Leikið var á hálfum velli með sjö leikmenn inn á í einu. Frá 1988 hefur Fjölmíðlamótið verið haldið óslitið ef undan er skilið árið 2008, þegar Ísland skalf og nötraði og fjölmíðlamenn höfðu eðli málsins samkvæmt öðrum hnöppum að hneppa.

### Fyrsta vítakeppnin af mörgum

Enn stóð DV uppi sem sigurvegari 1988; vann Tímann 3:0 í úrslitaleik. Þarna var Víðir Sigurðsson genginn til liðs við DV en af öðrum leikmönnum má nefna Ægi Má Kárasón, Jón Örn Guðbjartsson, Sigurð Má Jónsson og Eirík Jónsson. Gunnar Bender og Sportveiðiblaðið gáfu bikar fyrir þetta mót sem leikið var um allt til ársins 2014. Honum verður nú fundinn víðeigandi staður í nýjum sal Blaðamannafélagsins, Blaðamannaklúbbnum.

Morgunblaðið vann tvö næstu mót, 1989 og 1990. Lagði fulltrúa Norðurlands, Dag, í úrslitaleik í fyrra skiptið en 1990 þurfti í fyrsta sinn að útkljá mótið í vítaspyrnukeppni. DV mátti bíta í það



*Ríkjandi Sigurvegarar SkjásEins, ásamt liði DV sem var í öðru sæti og liði Sport TV sem var í þriðja sæti.*

súra epli að tapa henni. Í fyrsta meistaraliði Morgunblaðsins voru Ágúst Ingi Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Logi Bergmann Eidsson, Ragnar Axelsson, Skapti Hallgrímsson, Kristinn Jens Sigurbórsson og markahrellirinn mikli úr Hafnarfirði, Hörður Magnússon. Sá hefur skorað ófá mörkin á Fjölmíðlamótinu gegnum tíðina.

DV endurheimti titilinn 1991 en þá fór mótið í fyrsta og eina skipti fram á sandgrasvelli Breiðabliks í Kópavogi. Íslenska útvarpsfélagið, forveri 365, varð hlutskarpast 1992 en fyrsta áratuginn skiptust þessir þrír miðlar á að hampa bikarnum.

Frá 1992 til 2001 fór mótið fram á gervigrasvelli Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði með einni undantekningu en spyrnt var á gervigrasvelli Leiknis í Breiðholti 1994.

## Umdeilt sigurlið

Tímaritið Sportlíf vann mótið 1998. Sá sigur var nokkuð umdeildur, þar sem í liði Sportlífs voru menn sem ekki voru í föstu starfi á tímaritinu en mótsstjórn hafði löngum verið býsna hörd á því prinsippi. Engin kæra barst þó og úrslitin stóðu.

Morgunblaðið vann sinn fjórða titil árið 1999 og það skiptið fór Jóhannes Harðarson, Skagamaðurinn knái, mikinn en hann starfaði um þær mundir sem íþróttafréttamaður á nýstofnuðum systurmiðli blaðsins, Mbl.is. Ófáir þrumufleygar kappans sungu í netmökkvunum, Sigtryggi Sigtryggssyni, fréttastjóra á Morgunblaðinu, til ómældrar gleði í áhorfendabrekkunni.

Aldamátaárið 2000 sigraði B-lið Fjölmíðlamótið í fyrsta og eina skipti. Það kom frá DV. „Þetta kom þannig til að ég komst ekki í A-liðið,“ rifjar fyrirliði B-liðs DV, Gunnar V. Andrésson, upp. „Og hvað gera menn þá? Safna liði!“

Gunnar fékk til liðs við sig nafna sinn Bender, Jón Örn Guðbjartsson, Harald Jónasson og fleiri og segir liðið hafa farið í mótið í þeim tilgangi að skemmta sér. B-liðar fóru á hinn bóginn á flug og skiluðu sér alla leið í úrslit, þar sem þeir lögðu Íslenska útvarpsfélagið í vítaspyrnukeppni. „Þetta er eitt af mínum stærri íþróttafrekum,“ segir Gunnar og maður

heyrir brosið gegnum símann. „Það var liðsheildin sem skóp þennan frækilega sigur.“

## Sigurveggarar í fjölmíðlamótinu:

1982 DV  
1985 DV  
1988 DV  
1989 Morgunblaðið  
1990 Morgunblaðið  
1991 DV  
1992 Íslenska útvarpsfélagið  
1993 DV  
1994 Íslenska útvarpsfélagið  
1995 DV  
1996 Morgunblaðið  
1997 Íslenska útvarpsfélagið  
1998 Sportlíf  
1999 Morgunblaðið  
2000 DV-b  
2001 Íslenska útvarpsfélagið  
2002 Íslenska útvarpsfélagið  
2003 Morgunblaðið  
2004 Íslenska útvarpsfélagið  
2005 Fréttablaðið  
2006 SkjárSport  
2007 Morgunblaðið  
2008 Mótsfall  
2009 RÚV  
2010 Síminn  
2011 Stöð 2  
2012 Fotbolti.net  
2013 Fotbolti.net  
2014 SkjárEinn  
2015 SkjárEinn

A-liði DV vegnaði ekki eins vel, féll út í riðlakeppninni. „Þeir voru farnir fúllir heim þegar ég lyfti bikarnum. Það sem ég hafði gaman af því að hitta þá á mánudeginum. Leikmenn A-liðsins eru ennþá með sting í hjartanu út af þessu móti.“

## Þak yfir höfuðið

Íslenska útvarpsfélagið hampaði bikarnum í þrjú skipti af næstu fjórum. Morgunblaðið læddi sér inn á milli, 2003. Ári áður fékk mótið þak yfir höfuðið; færði sig yfir í nýja og glæsilega knathöll í Kópavogi, Fífuna. Kætti það marga enda hefur mótið jafnan verið haldið um hávetur. Við þetta

myndaðist líka meiri stemning á mótsstað.

Fréttablaðið kom, sá og sigraði í eina skiptið til þessa árið 2005, með Frey Bjarnason, KR-ingana Jón Skaftason og Þorstein Eyfjörð Jónsson, Framarann Guðmund Steinsson, Jón Kaldal og fleiri innanborðs.

Árið 2006 vann SkjárSport, sem stofnaður hafði verið utan um útsendingar frá ensku knattspyrnunni, með fádæma yfirburðum enda líklega best mannaða lið sem tekið hefur þátt í mótinu frá upphafi. Má þar nefna miðherjana Guðmund Benediktsson og Tryggva Guðmundsson, sem báðir voru upp á sitt besta í efstu deild á þeim tíma. Sama má segja um varnarjaxlinn Þórhall Dan Jóhannsson. Þá voru í liðinu gömlu kempurnar Guðmundur Torfason og Willum Þór Þórsón. Fyrirliði var Snorri Már Skúlason, núverandi deildarstjóri upplýsinga og kynningarmála ASÍ.

Tryggvi er sem kunnugt er markahæsti leikmaður efstu deildar á Íslandi og deilir markametinu yfir eitt tímabil með Guðmundi Torfasyni og fleirum. Hann hefur varla misst úr mót síðan og leikið með ýmsum miðlum.

Morgunblaðið fékk háðuglega útreið í úrslitaleiknum enda þótt Arnar Unnarsson lagerstjóri gerði sitt besta til að hægja á Gumma Ben og Tryggva. Keppnismaður, Arnar.

Mogginn var fljótur að ná vopnum sínum aftur og endurheimti bikarinn ári síðar.

## Langþráður sigur RÚV

Eftir árshlé á mótshaldi vegna efnahagshrunsins komu miðlar þessa lands aftur saman til sparks 2009. Þá gerði Ríkisútvarpið sér lítið fyrir og vann langþráðan sigur. Sinn fyrsta og eina til þessa. Téður Tryggvi Guðmundsson var þá genginn í raðir RÚV sem vann sætan sigur á Stöð 2 í vítaspyrnukeppni. Kristján Sigurjónsson, stundum nefndur „ofsi“, stýrði liði RÚV af sínu alkanna fumbleysi.

2010 gekk heldur illa að smala til mótsins, enda kreppa í stéttinni, og til að fylla tvo fjögurra liða riðla var gestaliði, Símanum, boðið að taka þátt. Síminn þáði boðið með þökkum



Árið 1989 sigraði lið Morgunblaðsins sem hér sést ásamt liði Dags á Akureyri sem var í öðru sæti og svo lið DV sem varð í þriðja sæti. DV mynd Sveinn Þormóðsson

og vann mótið. Höfðu félagsmenn í BÍ mismikinn húmor fyrir því.

Það var Fréttatíminn sem tapaði úrslitaleiknum fyrir Símanum og er það besti árangur blaðsins á mótinu til þessa.

Síminn fékk tækifæri til að verja bikarinn árið eftir en sá ekki við Stöð 2 sem sameinað hafði Guðmund Benediktsson og Tryggva Guðmundsson að nýju. Sá fyrrnefndi gerði tvö mörk í úrslitaleiknum og enn var Moggi gamli grátt leikinn, 3:0. Það var þó markvörðurinn, Hjörvar Hafliðason, sem lyfti bikarinn og fór í kjölfarið mikinn á nýjum samskiptamiðli, Twitter. „Vann fjölmiðlamótið í fótbolta með Stöð 2! Hélt hreinu síðustu þrjá leikina og var besti maður mótsins. Still the King! #kóngurinn,“ skrifaði hann.

Tíðindum sætti að RÚV tefldi ekki fram liði þetta árið.

Tryggvi vann mótið þarna í þriðja sinn með jafnmörgum sjónvarpsstöðvum.

Af öðrum liðsmönnum stöðvarinnar á þessu móti má nefna hinn sigursæla þjálfara FH, Heimi Guðjónsson, og svo ljósvíkingana Ívar Guðmundsson og Auðun Blöndal en eftir þá liggja ófá sporin í Fífunni.

### Fékk á sig eitt mark í tveimur vítakeppnum

Tímarnir breytast og miðlarnir með og 2012 var komið að vefmiðli að vinna Fjölmiðlamótið í fyrsta sinn, Fotbolti.net. Bráðungt og sprækt lið, leitt af Magnúsi Má Einarssyni ritstjóra, yfirsteig hverja hindrunina af annarri og lagði stríðsmannað lið Stöðvar 2 í vítaspyrnukeppni í úrslit-

um. Slíkt hið sama gerðist 2013, aftur lagði Fotbolti.net Stöð 2 í vítakeppni.

Eins ótrúlega og það hljómar fékk markvörður Fotbolti.net, Valur Gunnarsson, aðeins eitt mark á sig í báðum þessum vítakeppnum, frá Kolbeini Tuma Daðasyni. Menn á borð við Tryggva Guðmundsson, Bjarna Guðjónsson og Hörð Magnússon fundu ekki leiðina framhjá honum.

Til að gera fleiri miðlum kleift að taka þátt í mótinu var slakað aðeins á reglum í byrjun þessa áratugar. Tveir til þrjár lánsmenn voru leyfðir, að því gefnu að þeir hefðu ekki komið við sögu í tveimur efstu deildum Íslandsmótsins tímabilið á undan. Kjarninn færði sér þessar nýju reglur í nyt með eftirminnilegum hætti árið 2013; skráði Heiðar Helguson í lið sitt. Eng um andmælum var hreyft enda stóð

ekkert um það í reglunum að leikmaður mætti ekki hafa leikið í tveimur efstu deildum Englandsmótsins tímabilið á undan. Heiðar var þarna nýkominn heim úr atvinnumennsku; lék síðast með Cardiff City í ensku B-deildinni.

Heiðar mætti aftur til leiks árið eftir en náði ekki að vinna til verðlauna. Bættist á hinn bóginn í fríðan flokk landsliðsmanna sem tekið hafa þátt í Fjölmíðlamótinu en þar voru fyrir menn á borð við Ellert B. Schram, Hermann Gunnarsson, Tryggva Guðmundsson, Guðmund Torfason, Bjarna Guðjónsson, Guðmund Benediktsson, Hörð Magnússon, Sverri Sverrisson og Guðmund Steinsson.

Reglur um lánsmenn hafa nú verið hertar; eru aðeins hugsaðar fyrir smærri miðlana og ekki má fá leikmenn að láni sem leikið hafa á Íslandsmótinu tímabilið á undan. Gildir það um allar deildir. Nú eða Englandsmótinu, eða Lettlandsmótinu, eða...



*Sigurlið DV árið 1982 þegar keppnin var haldin fyrst. F.v.: Eiríkur Jónsson, Gunnar V. Andrésson, Ellert B. Schram, Friðbjófur Helgason og Sveinlaugur Kristjánsson.*



*DV var lengi sigursælt og hér sést sigurliðið frá 1988 árið sem farið var að keppa um bikarinn.*



Árið 2006 vann SkjárSport mótið með nokkrum yfirburðum, enda segir greinarhöfundur að það hafi líklega verið best mannaða lið sem tekið hefur þátt í mótinu frá upphafi!

Kempan Gunnar V. Andrússon hampar hér bikarnum árið 2000 en þá vann B-lið keppnina í fyrsta og eina skiptið. „Þetta kom þannig til að ég komst ekki í A-liðið,“ segir fyrirliði B-liðs DV hér í greininni, Gunnar V. Andrússon, „Og hvað gera menn þá? Safna liði!“



Lið RÚV hefur verið reglulegur þátttakandi í mótinu og árið 2009 unnu þeir mótið.

# Hannaði félagssmerkið okkar

– skapar nú stórkostleg listaverk í Ameríku



Eftir  
Fríðu Björnsdóttur

„Ég sérhæfi mig í listaverkum sem hafa að viðfangsefni mannlíkamann og ekki sist sálina sem býr þar innra og síðan 2002 hef ég mest einbeitt mér að skúlptúrum, steptum í brons, en ég mála líka;“ segir Vala Ólafsdóttir, eða Vala Óla eins og hún nefnir sig í dag þar sem hún býr úti í Arizona og sinnir listsköpun. En hvers vegna skyldum við vera að tala við hana, ekki er hún blaðamaður? Nei, reyndar ekki, en það er hún sem hannaði merki Bláðamannafélagsins fyrir rúmum 30 árum, ótrúlega fallegt blátt og silfurlitað merki sem samanstendur af ferningum og pennaoddi sem úr má lesa stafina bí.

Ómar Valdimarsson blaðamaður var formaður BÍ þegar ákveðið var að félagið skyldi eignast merki í fyrsta sinn. Hann bar fram tillögu þar að lútandi á stjórnarfundum 5. janúar 1985 og var hún samþykkt samhljóða. Ómari var falið að finna hönnuð og sjá til þess að merkið yrði að raunveruleika. Hann snéri sér til Gunnars Steins

Pálssonar sem rak Auglýsingaþjónustuna en Gunnar Steinn hafði verið blaðamaður á Þjóðviljanum. Þar með voru hjólin farin að snúast.

## Penninn táknrænn

„Ég hafði verið í myndlistarnámi í MHÍ og vann síðan hjá Hvíta Húsinu sem áður var Auglýsingaþjónustan. Eftir myndlistarnámið gekk ég inn á Aug-



Hér stendur listakonan Vala Óla, Vala Ólafsdóttir, við stytta sem er engin smásmíði. Ulele nefnist þetta stórbrotna verk sem er að finna í Tampa í Flórída. Margir Íslendingar leggja leið sína til Orlando og það er ekki sérlega langt þaðan til Tampa og vel þess virði að fara þangað og skoða verkið hennar Völu.



Merki Bláðamannafélagsins sem sumir þurfa að horfa svolítið á áður en þeir sjá bí í lagstöfum sem eru samt svo ótrúlega greinilegir.

lýsingaþjónustuna í viðtal hjá Gunnari Steini sem réði mig sem auglýsinga-hönnuð. Fyrsta merkið sem ég hannaði, og með því fyrsta sem ég hannaði yfirhöfuð, var merki Bláðamannafélags Íslands. Penninn er táknrænn fyrir skrif og ég lék mér að pennoddinum og stöfunum bí. Formin féllu vel saman líkt og listilega skrifað ritverk. Bæði stafirnir og penninn skiluðu sér vel. Gunnar Steinn hafði gefið teiknurunum á auglýsingastofunni lausan tauminn og safnaði svo saman nokkrum tillögum og mín varð fyrir valinu. Mér þótti heiður að og þykir enn.

Eftir að hafa unnið sem grafískur hönnuður í átta ár fór ég í sumarfrí til Santa Fe í Bandaríkjunum. Ég féll gjörsamlega fyrir þessum fallega bæ þar sem er fjöldi listagallería. Þetta var ást við fyrstu sýn þegar ég keyrði inn í bæinn á Old Santa Fe Trail.

Þarna gerðist ég portrett málarari og málaði flóknari og stærri verk með árunum. Eftir átta ár ákvað ég að snúa mér að skúlptúrum.

Árið 2001 var ég heima á Íslandi í hálf tveggja ára og rölti inn í antíkverslun á Klapparstíg. Ég sá þar stytta af Jesú eftir Thorvaldsen. Ekki var hún föl hvað sem ég reyndi. Ég var vonsvikin að geta ekki farið með styttuna heim en hugsaði með mér að ég yrði þá bara sjálf að skapa fallega stytta sem þessa. Síðan hef ég nú bara litið annað gert en að skapa skúlptúra, og eru sum verkin 8 fet á hæð og fara stækkandi. Svo vinn ég líka hluti alveg niður í lítill silfurmen.“

### Eins og að stökkva fram af kletti

Og Vala heldur áfram og segir að eftir að hafa málað portrett fyrir fólk í átta

ár hafi henni fundist kominn tími til að skipta um gír. Umskiptin voru eins og að stökkva fram af kletti. „Ég sveif í lausu lofti og vissi ekki hvar ég myndi lenda. Svipað og ég gerði þegar ég flutti til Bandaríkjanna og byrjaði portrett ferilinn. Og þar á undan þegar ég steypiti mér út í grafíska hönnun, mér sjálfri mest að óvörum. Það er nú skemmtilegast að vera til þegar ég er að læra eitthvað nýtt. Ef ég finn fyrir stöðnun bregst ég við og byrja að opna fyrir nýja strauma. Líkt og að stilla á nýja útvarpsrás. Sköpunin liggur í loftinu þannig séð. Listaverk eru verk andans. Ég dreg þau niður af himnum ofan og bý þau til með höndunum. Reyni bara að gera mitt besta til að þau haldi lífi í gegnum ferlið. Að halda lífsneistanum lifandi í verkinu er starfið mitt. Til þess nota ég anatómískka þekkingu og vel varðveitt lögmál listaverksins sem staðist hafa tímans tönn.“

Vala er búin að vera í Bandaríkjunum frá því hún settist upp í rútuna til Keflavíkur árið 1994 með lítinn bakpoka á leið, að hún hélt, í sumarfrí til Ameríku. Síðan þá hefur hún búið úti, fyrst í Santa Fe í New Mexico og núna í Arizona. Það hefur margt drifið á daga hennar og margt hefur hún séð. Á Austurströndinni tók hún í höndina á Janet Reno ráðherra í Washington D.C. og fékk að stinga nefinu inn í The Oval Office í Hvíta Húsinu og á Vesturströndinni fór hún í kaffi til sjónvarpsstjórnunar Roseanne. „Hér eru tækifæri sem ég myndi ekki hafa heima. „Skypíð“ hjálpar mikið þegar hjartað kvartar!“

Undanfarin þrjú ár hefur Vala unnið að þó nokkrum minnisvörðum sem hafa verið reistir t.d. þrír í Cólóradó,



## Félagsfáninn

Fáni BÍ er prýddur merkinu fallega. Fánann saumuðu nunnurnar í klaustrinu í Hafnarfirði, og er hann sannkallað listaverk, en Vala Ólafsdóttir vann sem unglingur við að leggja hraunhellur við Klaustrið. Það var á stjórnarfundum í BÍ 24. mars 1992 sem Lúðvík Geirsson formaður bar upp tillögu um að félagið eignaðist félagsfána. Sú tillaga var samþykkt og leitað til nunnanna í Klaustrinu en þær eru miklir snillingar og hafa saumað marga félagsfána. Greinarhöfundur keypti efni í fánann í samræmi við óskir nunnanna og fór nokkrar ferðir til Hafnarfjarðar til að skoða verkið á meðan verið var að skapa það.

Ljósmynd: Jóhannes Reykdal.

einn í Flórída og tveir í Iowa. Í apríl verður afhjúpuð brjóstmynd sem Vala gerði fyrir háskóla í Missouri en hún er líka stöðugt að vinna smærri verk fyrir gallerí í New Mexico og Cólórado.

Nú hverfum við aftur til merkis BÍ og spyrjum hvort Vala hafi gert fleiri merki frá því merkið hennar varð fyrir valinu sem félagsmerki blaðamanna. Hún segist meðal annars hafa gert merki fyrir þá Óskar og Kristján í Argentínu steikhús. „Úr því merki spunnust níu málverk sem hanga þar á veggjum. Það má segja að það hafi verið mín fyrsta listasýning.“ Þegar ég svo segi henni að merkið hennar prýði fána Blaðamannafélagsins og nunnurnar í klaustrinu í Hafnarfirði hafi saumað hann finnst henni það skemmtileg tilviljun því sjálf hafi hún unnið þar sem unglingur við að leggja hraunhellur við klaustrið og fékk þá að koma þar inn í kapelluna.

## Lífið í Cave Creek í Arizona

Að lokum fáum við að heyra ögn um lífið í Arizona í dag. „Sólin skín hér í Cave Creek 290 daga á ári. Bærinn er gamall námubær sem heldur sjarma villta vestursins þrátt fyrir að vera samvaxinn Phoenix. Hér búa kúrekar, listamenn og golfarar í sátt og samlyndi. Húsið mitt snýst aðallega um



*Lost Tribes heitir þetta stóra höfuð sem listakonan hallar sér upp að það er að finna í Avon, Colorado.*

listina. Niðri er skúlptúrstúdíó, uppi skrifstofan og málaratrönnurnar. Stöku sinnum steypi ég hálsmen úr verkum mínum. Nota 3D prentun til þess.

Vikulega skipulegg ég módelteikningu í Cave Creek. Gott að halda sér við og vera innan um aðra listamenn. Ég ferðast töluvert vegna stærri verkefna í öðrum fylkjum og svo held ég reglulega sýningar í galleríum. Eftir að hafa gert verk í leir er það steipt í brons. Stundum er það gert í Utah, stundum hér í Arizona en það tekur þrjá mánuði að móta og steypa verkin. Öll skúlptúr verkin mín eru „limited edition bronze“ og myndir af þeim má m.a. sjá á heimasíðunni minni [www.valaola.com](http://www.valaola.com). Nú og svo skrepp ég náttúrulega heim annað slagið. Mér finnst ég ekki vera búin að fá almennilega tengingu við heimahagana fyrr en vindurinn hvín í eyrum mér. Yndislega hressandi eftir lognmolluna hér úti,“ segir Vala brosandi.



*Indíánahöfuðið er nefnt Chief Black Elk.*



*Litla konan við fossinn heitir River Song.*

# Tilnefningar dómnefndar

*Dómnefnd Blaðamannaverðlauna tilnefnir viku fyrir sjálfa verðlaunaafhendinguna þá aðila sem koma til álitá sem verðlaunahafar. Hér á eftir má sjá tilnefningarnar í öllum fjórum flokkum verðlaunanna, en þrjár eru tilnefndir í hverjum flokki:*

## Viðtal ársins 2015

### **Helgi Bjarnason, Morgunblaðinu.**

Fyrir viðtal við Þröst Leó Gunnarsson um sjóslysið úti af Aðalvík í júlí í fyrrasumar. Presti Leó tókst fyrir snarræði að bjarga tveimur félögum sínum en sá þriðji fórst. Björgunartæki brugðust gersamlega og fær Helgi einstæðar lýsingar Þratar Leó á hugarástandi þremmenninganna á meðan þeir biðu björgunar.

### **Reynir Traustason, Stundinni.**

Fyrir viðtal við Ástu Kristínu Andrésdóttur hjúkrunarfræðing sem sökuð var um manndráp af gáleysi. Reynir gerir lífshlaupi Ástu Kristínar góð skil og fær viðmælanda til að tala mjög opinskátt um hvernig þessi atburður hefur markað líf hennar, hvernig hún hefur barist við kvíða og reynt að viðhalda lífsviljanum.

### **Snærós Sindradóttir, Fréttablaðinu.**

Fyrir viðtal við Einar Zeppelin Hildarson, ungan mann, sem á að baki afar erfiða lífsreynslu. Einar segir á einlægum hátt frá orlagadeginum þegar mamma hans varð systur hans að bana en sjálfur slapp hann slasaður frá hildarleiknum. Snærós segir áhrifamikla sögu manns og dregur fram mikla þrautseigju, góða mannkosti og kærleika.

## Umfjöllun ársins 2015

### **Gísli Einarsson, Ingólfur Bjarni Sigfússon, Karl Sigtryggsson og Ragnar Santos, fréttastofu RÚV.**

Fyrir umfjöllun um flóttamannavandann sem geisar í Evrópu. Með innlendu sjónarhorni á björgunarskörf áhafnar Týs á Miðjarðarhafi og viðtölum við fórnarlömb á vergangi í Ungverjalandi og Líbanon fengu landsmenn mikilsverða innsýn inn í erfiða ferð flóttamanna í leit að öryggi.

### **Helgi Seljan, Kastljósi RÚV.**

Fyrir umfjöllun um nauðganir, áreitni og ofbeldi gagnvart þroskahömluðum konum. Ljóstrað var upp um sinnuleysi yfirvalda sem héldu ekki hlífiskildi yfir konunum, settu ekki reglur um umönnun þeirra og hunsuðu kvartanir. Af virðingu og með áhrifaríkum hætti var saga kvennanna sögð og sjónarmiði þeirra komið á framfæri.

### **Kristjana Björg Guðbrandsdóttir og Viktoría Hermannsdóttir, Fréttablaðinu.**

Fyrir ítarlega umfjöllun um mansal þar sem fjallað var um

umfang og einkenni mansals á Íslandi og bresti í aðgerða-áætlun stjórnvalda. Fréttaskýringaröð þeirra varpaði ljósi á vaxandi mansalsvanda hér á landi þar sem einstaklingar eru misnotaðir í kynferðislegum tilgangi, til nauðungarvinnu eða í glæpastarfsemi.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2015

### **Hörður Ægisson, DV.**

Fyrir skýra og greinagóða umfjöllun um slitabú föllnu bankana, vogunarsjóðina sem þá keyptu sem og útgöngusamninga þeirra við íslensk stjórnvöld. Hörður hefur upplýst stöðu mála af djúpri þekkingu og nákvæmni í máli sem hefur rík áhrif á þjóðarbúið.

### **Ingibjörg Kjartansdóttir, Stundinni.**

Fyrir fjölbreytta og mikilvæga umfjöllun um kynbundið ofbeldi. Í fjölmörgum greinum gaf Ingibjörg þolendum kynbundins ofbeldis og kynferðisbrota vettvang að tjá sig um sína upplifun af brotunum, upplýsti um hve víða í samfélaginu þessi brot er að finna og hversu erfitt er fyrir fórnarlömb að leita réttlætis vegna þeirra

### **Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu/mbl.is.**

Fyrir áhrifamikla umfjöllun um heimsókn sína til Líbanon þar sem hún ræddi við sýrlenska flóttamenn og starfsmenn flóttamannabúða til að kynna sér aðstæður þeirra flóttamanna sem veitt hafði verið hæli á Íslandi.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2015

### **Ingí Freyr Vilhjálmsson, Stundinni.**

Fyrir afhjúpanni umfjöllun sína um fjárhagsleg tengsl Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra og eignarhaldsfélags hans OG Capital við fyrirtækið Orka Energy. Í ljós komu verulegir hagsmunaráreksstrar vegna samstarfssamnings íslenskra og kínverskra stjórnvalda í orkumálum sem Orka Energy var aðili að og ráðherrann ritaði undir.

### **Kolbeinn Tumi Daðason, 365 miðlum.**

Fyrir uppljóstrandi umfjöllun um óánægju lögreglumanna með störf lögreglufulltrúa í fíkniefnadeild og alvarlegar ásakanir samstarfshélagans vegna gruns um tengsl hans við fíkniefnaheiminn. Upphaf umfjöllunarinnar var tálbeituaðgerð við Hótel Frón sem fór út um þúfur.

### **Magnús Halldórsson, Kjarnanum.**

Fyrir ítarlega umfjöllun um sölu á hlutum Landsbankans í Borgun í lokuðu söluferli og vísbendingar um að hlutur Landsbankans hafi verið seldur á undirverði, m.a. í ljósi arðgreiðslna, og því hafi ekki verið gætt að hagsmunum eigenda sem er almenningur í landinu.

# Verðlaunahafar og rök dómnefndar

*Blaðamannaverðlaunin voru afhent í Perlunni þann 5. mars síðastliðinn. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum og fengu verðlaunin að þessu sinni þau Sunna Ósk Logadóttir á Morgunblaðinu, Snærós Sindradóttir á Fréttablaðinu, Magnús Halldórsson á Kjarnanum og þeir Gísli Einarsson, Ingólfur Bjarni Sigfússon, Karl Sigtryggsson og Ragnar Santos á RÚV. Verðlaunin og rök dómnefndar eru sem hér segir:*

## Viðtal ársins 2015

Verðlaunin hlaut **Snærós Sindradóttir**, blaðamaður á Fréttablaðinu, fyrir áhrifaríkt viðtal við Einar Zeppelin Hildarson. Í viðtalinu segir Einar í fyrsta skipti opinberlega frá örlagadegi í lífi fjölskyldunnar, þegar móðir hans svipti litlu systur hans lífi og gerði atlögu að lífi hans. Einar var aðeins fjórtán ára.

*Í rökstuðningi dómnefndar segir:*

„Snærós dregur fram átakanlegar lýsingar á aðdraganda og eftirköstum voðaverksins en eins og Einar segir í viðtalinu; þá getur ekkert búið mann undir atburð sem þennan. Þá gerir Snærós baráttunni við kerfið afar góð skil, bæði hvernig ættingjar Einars höfðu, fyrir voðaverkið, reynt að fá Barnaverndarnefnd til að grípa inn í og veita börnunum aðstoð, og síðar hvernig Einari tókst með tímanum að fyrirgefa móður sinni og verða bandamaður hennar í baráttu við geðheilbrigðiskerfið. Þrautseigja Einars og væntumþykja hans í garð móður sinnar er fallett leiðarstef í eftirminnilegu viðtali.“

## Umfjöllun ársins 2015

Verðlaun fyrir umfjöllun ársins hlutu **Gísli Einarsson, Ingólfur Bjarni Sigfússon, Karl Sigtryggsson og Ragnar Santos**, fréttastofu RÚV.

*Í rökstuðningi dómnefndar segir:*

„Sögur af bjargarlausu fólki á flótta náðu athygli landsmanna þegar innlendu fréttamennirnir sögðu þær milliliðalaust af vettvangi. Fréttirnar af flóttamannavandanum voru sagðar af áhuga og innsæi. Þær sýndu mikilvægi þess að festast ekki innan veggja fréttastofa og biða fregna erlendra miðla. Þeir Ingólfur, Ragnar, Gísli og Karl nýttu tækifærið ytra til fullnustu.

Fréttamennirnir Ingólfur og Ragnar fönguðu persónulegar raunasögur flóttamanna á vergangi í Evrópu og í flóttamannabúðum í Líbanon. Þeir lýstu blendnum tilfinningum þeirra sem og þeirra 55 flóttamanna sem voru á leið til Íslands. Fréttirnar kveiktu samkennd þeirra sem sáu.

Gísli og Karl náðu einstökum myndum og sögu um borð

í Tý þegar áhöfnin hífði á fjórða hundrað flóttamenn frá Líbýu um borð úti. Aldrei áður hafði svo mörgum verið bjargað um borð í íslenskt varðskip og ómetanlegt að hafa íslenska fréttamenn á staðnum.

Niðurstaðan varð ítarleg umfjöllun sögð annars vegar frá sjónarhorni fólksins sem barðist fyrir betri tilveru og hins vegar íslenskrar áhafnar í fádæma aðstæðum.“

## Blaðamannaverðlaun ársins 2015

Blaðamannaverðlaun ársins 2015 hlaut **Sunna Ósk Logadóttir**, Morgunblaðinu, fyrir framúrskarandi umfjöllun um heimsókn sína í flóttamannabúðir í Líbanon, þar sem hún ræddi við sýrlenska flóttamenn og starfsmenn flóttamannabúða.

*Í rökstuðningi dómnefndar segir:*

„Með umfjöllun sinni, í texta, myndum og myndböndum, kemur Sunna til skila skýrri mynd af hlutskipti þeirra sem tekist hefur að flýja stríðsátökin í Sýrlandi og komast yfir landamærin.

Sérstaklega dregur Sunna upp skýra mynd af aðbúnaði og framtíðarhorfum barna á svæðinu sem eiga erfitt með að skilja af hverju yfirgefa þurfti daglega lífið, vinina og heimilið. Þess í stað lifa þau við örbirgð í flóttamannabúðum þar sem börn eru tekin úr skólum til að vinna og ungar stúlkur eru seldar í hjónaband í mikilli örvæntingu foreldra þar sem þau reyna að framfleyta fjölskyldunni.

Vönduð umfjöllun Sunnu sýndi skýrt úr hvaða umhverfi og aðstæðum sýrlenskir flóttamenn á Íslandi koma sem er mikilvæg þekking við móttöku flóttamanna.“

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2015

Verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins 2015 hlaut **Magnús Halldórsson**, Kjarnanum, fyrir ítarlega umfjöllun um sölu á hlutum Landsbankans í Borgun, máli sem enn sér ekki fyrir endann á. Í fjölmiðlaumfjöllun um Borgunarmálið hefur Magnús verið leiðandi, hann hefur fylgt því vel og skipulega eftir og dregið fram ýmsar hliðar þess.

*Í rökstuðningi dómnefndar segir:*

„Umfjöllun Magnúsar vegna arðgreiðslna eigenda Borgunar og um sölu Landsbankans á hlut Sparisjóðs Vestmannaeyja leiddi í ljós sterkar vísbendingar um að hagsmunum almennings hefði ekki verið gætt við sölna á Borgun.

Magnús á drjúgan þátt í því með þolinmæði og þrautseigju að koma málinu á þá hillu sem það er nú og undirstrikar með því skýrt aðhaldshlutverk fjölmiðla í málum sem þessum.“

# Mikil fjölgun tilnefninga

## Ávarp Björns Vignis Sigurpálssonar, formanns dómnefndar, við afhendingu Blaðamannaverðlauna

### Ágætu gestir og félagar.

Gleðilega hátíð og velkomin á afhendingu blaðamannaverðlauna Blaðamannafélags Íslands. Það er að verða liðinn hálfur annar áratugur frá því að þau voru fyrst veitt, og þrátt fyrir að efasemdir hafi verið uppi um tilvistarmöguleika þeirra, þá hafa þau fest sig rækilega í sessi og eru orðin fastur liður í vorverkum stéttarinnar. Eins og

undanfarin ár erum við í slagtogi með félögum okkar innan Bláðaljósmyndarafélagsins sem löngum hafa skotið skjólshúsi yfir afhendingu blaðamannaverðlaunanna, en nú á nýjum sýningarstað, Perlunni, í stað Gerðarsafns þar sem við höfum verið mörg undanfarin ár. Það verður fróðlegt að sjá hvernig til tekst.

Afhending blaðamannaverðlaun-

anna er uppskeruhátíð íslenskra blaða- og fjölmiðlamanna, hátíð þar sem við fögnum því sem vel er gert, fögnum fjölbreytni innlestrar blaðamennsku og verðlaunum þau vinnubrögð og efnistöð sem sköruðu framúr á árinu 2015.

Ég heiti Björn Vignir Sigurpálsson og er formaður dómnefndar. Félagar mínir í nefndinni verða kynntir þegar



Björn Vignir Sigurpálsson, formaður verðlaunanefndar, flytur ávarp við afhendingu verðlauna.

þeir stíga hér fram og kynna verðlaunahafa og rökstuðning fyrir vali þeirra í þeim fjórum flokkum sem verðlaunin snúast um.

Yfirlýstur tilgangur blaðamanna-verðlaunanna er að efla fagleg vinnubrögð í blaðamennsku. Frekar en endranær er enginn skortur á áhuga og metnaði í stétt íslenskra blaða- og fréttamanna. Tilnefningum frá fjölmiðlunum hefur fjölgað ár frá ári með efni af margvíslegu tagi. Þegar ég stóð í þessum sporum fyrir ári taldist mér til að tilnefningar frá fjölmiðlunum væru rétt ríflega eitt hundrað talsins og hefðu aukist um þriðjung frá árinu á undan.

Í ár má segja að innsendar tillögur hafi hreinlega vaxið dómnefndinni yfir

höfuð. Okkur telst til að tilnefningar frá fjölmiðlunum hafi tvöfaldast frá síðasta ári, losi nú 200 greinar og fréttatengt efni. En við höfum líka rekið okkur á að stundum skortir á innra gæðamat innan fjölmiðlanna um hvað eigi erindi við dómnefndina og hvað ekki. Að þessu þarf að huga.

Hvað um það – flokkurinn viðtöl sem bætt var við fyrir 3-4 árum, hefur rækilega fest sig í sessi. Mér telst til að af þessum liðlega 200 tilnefningum, sem ég nefndi, sé rétt um helmingur viðtöl eða svipaður fjöldi og allar tilnefningar til blaðamannaverðlaunanna á síðasta ári.

Að þessu sögðu er rétt að ítreka að í huga dómnefndar er enginn munur á verðlaunaflokkunum fjórum, viðtölun-

um, umfjöllun ársins, blaðamanna-verðlaunum og rannsóknarblaðamennsku ársins. Fullkomið jafnræði er á milli flokkanna.

Þá er rétt að geta þess að dómnefndarmenn huguðu eins og endranær að hæfi sínu eða vanhæfi hvenær sem ástæða þótti til. Tilnefningarnar í ár sýna að árið 2015 var gjöfult fréttarár. Fjölmiðlamarkaðurinn hefur styrkst, með fleiri blöðum og öflugri netmiðlum. Ég vil nú biðja félagamína í nefndinni, Arndísi Þorgeirsdóttur, Gunnhildi Örnú Gunnarsdóttur, Kára Jónasson og Svanborgu Sigmarsdóttur að annast verðlaunaafhendingu og lesa rökstuðninginn fyrir verðlaunaveitingum í einstökum flokkum.



Handhafar Blaðamannaverðlauna 2015 eða fulltrúar þeirra. Aftari röð frá vinstri: Þórunn Elísabet Bogadóttir, fulltrúi Magnúsar Halldórssonar, Jón Pétur Jónsson, fulltrúi Sunnu Óskar Logadóttur, Gísli Einarsson, Karl Sigtryggsson og Snærós Sindradóttir. Fremri röð frá vinstri: Ragnar Santos og Ingólfur Bjarni Sigfússon.



# Verðlaunamyndirnar 2015

## Dómnefndir:

Hilmar Þór Guðmundsson, Sissa, Íris Dögg Einarsdóttir, Auðunn Nielsson, Torfi Agnarsson og Karl Petersson skipuðu dómnefndina og formaður dómnefndar var danski fréttaljósmýndarinn Jan Grarup.



## Mynd ársins



Ljósmýndari:  
Eyþór Árnason



## Umsögn dómnefndar:

Myndin getur ekki annað en hreyft við áhorfandanum. Hún er tímalaus og full af orku. Dómnefndin fékk á tilfinninguna að konan væri eins og móðir jörð sem væri annað hvort að sökkva eða rísa upp. Þannig vekur myndin okkur til umhugsunar um það hvernig við komum fram við náttúruna, sem er mjög við hæfi á þessum tímum.

## Íþróttamynd ársins



**Ljósmyndari:**  
Eggert Jóhannesson



### Umsögn dómnefndar:

Myndin sýnir miklar tilfinningar sem fylgja íþróttum. Það er stutt á milli hláturs og gráts. Myndin er tekin á þann hátt að áhorfandanum finnst hann vera inni í þyrpingunni og upplifir gleðina með stúlkunum.

## Daglegt líf



**Ljósmyndari:**  
Heiða Helgadóttir



### Umsögn dómnefndar:

Myndin er tekin á þann hátt að það er líkt og ljósmyndarinn sé að gægjast inn um dyr sem gerir upplifunina sterkari. Hún er táknræn fyrir það sem er að gerast í heiminum í dag þar sem síminn er það sem virðist skipta fólki mestu máli og persónuleg samskipti líða oft fyrir það.

## Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:  
*Eyþór Árnason*



### Umsögn dómnefndar:

Myndin getur ekki annað en hreyft við áhorfandanum. Hún er tímalaus og full af orku. Dómnefndin fékk á tilfinninguna að konan væri eins og móðir jörð sem væri annað hvort að sökkva eða rísa upp. Þannig vekur myndin okkur til umhugsunar um það hvernig við komum fram við náttúruna, sem er mjög við hæfi á þessum tímum.

## Portrettmynd ársins



Ljósmyndari:  
*Kristinn Magnússon*



### Umsögn dómnefndar:

Ljósmyndarinn nýtir sér samspilið á milli sín og móðelsins og er glöggur að grípa þau augnablik sem út úr því koma. Það að módelið hylji andlit sitt að hluta sýnir glettina á milli þeirra tveggja.



## Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:

Haraldur Þór Stefánsson



### Umsögn dómnefndar:

Myndin sýnir mikla dramatík og kraft náttúrunnar. Persónan á myndinni gefur áhorfandanum viðmið sem gerir upplifun hans enn meiri. Myndvinnslan hæfir myndinni einstaklega vel.

## Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:

Kristinn Magnússon



### Umsögn dómnefndar:

Myndin lýsir vel ástandinu í heiminum í dag, snemma morguns, þegar verið er að leiða innflytjendafjölskyldu út í rútu. Óttinn í svip stúlkunnar fremst á myndinni leynir sér ekki og óöruggið hjá allri fjölskyldunni sem er á leið út í óvissuna. Myndin fær áhorfandann til að hugsa um öryggisleysið sem fylgir þessu fólki sem vísað er úr landi í skjóli nætur.

## Myndröð ársins



Ljósmyndari:  
Heiða Helgadóttir



### Umsögn dómnefndar:

Serían sýnir á mjög raunsæjan hátt hvernig hestaréttir eru. Ljósmyndarinn sýnir okkur mismunandi vinkla sem fær áhorfandann til að finnast eins og að hann sé á staðnum. Myndirnar eru fallega unnar og sagan er fjölbreytileg.



# Aðalfundur BÍ 2016



---

**fimmtudaginn 28. apríl  
kl. 20:00 í Síðumúla 23**

---

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2016 verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl nk. að Síðumúla 23, 3. hæð, þar sem félagið er til húsa, og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

## Dagskrá fundarins

Venjuleg aðalfundarstörf  
Skýrslur frá starfsnefndum  
Kosningar\*  
Lagabreytingar  
Önnur mál

\*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

**BÍ-félagar eru hvattir  
til að mæta**

# Málinu vísað frá

Mál 3 2015/2016

**Kærandi:**

Björn Ingi Hrafnsson fyrir hönd Vefpressunnar og DV.

**Kærði:**

Vefmiðillinn Hringbraut og ritstjóri og ábyrgðarmaður hans, Sigmundur Ernir Rúnarsson.

**Kæruefni:**

Umfjöllun um fjármögnun DV og ann-

arra fjölmiðla sem Björn Ingi Hrafnsson rekur.

**Málsmeðferð:**

Mál þetta var kært til siðanefndar BÍ með tölvupósti dagsettu 28.12.2015. Siðanefnd getur ekki séð af kærinni eins og hún er framsett að uppfyllt sé það ákvæði siðareglna BÍ að sá sem telur á sér brotið leiti leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Á grundvelli þess vísar siðanefnd málinu frá.

**Úrskurður:**

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 5. janúar 2016  
 Björn Vignir Sigurpálsson  
 Hjörtur Gíslason  
 Friðrik Guðmundsson  
 Ásgeir Þ. Árnason  
 Jóhannes Tómasson

# Alvarlegt brot

Mál nr. 4/2015-2016

**Kærandi:**

Björn Ingi Hrafnsson/Vefpressan ehf.

**Kærði:**

Hringbraut.is – Sigmundur Ernir Rúnarsson ritstjóri.

**Kæruefni:**

Frétt á vefnum hringbraut.is um eignarhald/fjármögnun DV og Vefpressunnar og að fjármunir komi frá nánustu ættingjum og vinum formanns Framsóknarflokksins.

**Málsmeðferð:**

Kæran barst 6. janúar og er kæruefnið hið sama og í máli nr. 3/2015-2016 sem siðanefnd fékk til umfjöllunar og vísaði frá á fundi sínum 5. janúar þar sem ekki hafði verið leitað leiðréttingar á meintum rangfærslum. Andmæli kærða bárust 18. janúar. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. janúar og 2. febrúar.

efnið hið sama og í máli nr. 3/2015-2016 sem siðanefnd fékk til umfjöllunar og vísaði frá á fundi sínum 5. janúar þar sem ekki hafði verið leitað leiðréttingar á meintum rangfærslum. Andmæli kærða bárust 18. janúar. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. janúar og 2. febrúar.

**Málavextir:**

Þann 28. desember birtist á vefmiðlinum hringbraut.is frétt undir fyrirsögninni *Eys fjölskyldan fé í framsóknarmiðla?* Var þar vitnað í grein Ólafs Jóns Sivertsen sem hafði birst í sama miðli þar sem hann lýsir áhyggjum sínum af þróun fjölmiðla á Íslandi. Er í fréttinni meðal annars vitnað orðrétt í

eftirfarandi setningu: „Margir af helstu fjölmiðlum Íslands eru komnir undir hælinn á peningaöflum og valdahópum sem tengdir eru stjórn málaflökum eða hagsmunaaðilum.“

Í fréttinni er vísað í það umfjöllunar efni Ólafs Jóns að „dularfullt andrúmsloft“ ríki í kringum DV og „útgáfu allra Framsóknarmiðlanna sem Björn Ingi hafi umsjón með.“ Síðan er vitnað í grein Ólafs Jóns þar sem segir: „Ólafur telur útilokað að Björn Ingi hafi sjálfur komið með þá peninga inn í rekstur miðlanna sem til þarf. Hann segir að engum detti það í hug og spyr svo: „Hvaðan koma peningarnir?“ og freistar þess að svara svona: „Þegar DV var keypt var sú útgáfa

mjög illa sett fjárhagslega, skuldum vafin. Sama gildir um Vefpressu Björns Inga sem var með 80 m.kr. skuldahala vegna Eyjunnar og Pressunnar. Auk þess er ljóst að núverandi útgáfa tapar milljónum í hverjum mánuði. Kunnáttumenn áætla að inn í þennan rekstur hljóti nú þegar að vera komnar 400 milljónir króna. Hér er um áætlun að ræða því Vefpressan hefur ekki skilað inn ársreikningum til Ríkisskattstjóra eins og krafist er.“

Þá segir í fréttinni að Ólafur Jón telji sig hafa heimildir fyrir því að fjármunir til rekstrar allra þessara flokksmiðla Framsóknar komi frá nánustu ættingjum og vinum formanns flokksins. Bendi hann á að Gunnlaugur Sigmundsson, faðir Sigmundar Davíðs, sé sterkefnaður á íslenskan mælikvarða og ráði yfir milljörðum. Sama gildi um fleiri í nánasta umhverfi formannsins. Niðurstaða Ólafs Jóns Sívertsen í greininni sé sú að Gunnlaugur Sigmundsson sé svarið við ráðgátunni um fjármögnun Framsóknarmiðla.

#### Umfjöllun:

Kærandi segir að hann vilji kæra umrædda frétt, hún sé birt á ábyrgð ritstjóra Hringbrautar og sé full af rangfærslum og óhróðri um samkeppniðilla á fjölmiðlamarkaði. Einnig segir í kærinni: „Nánast allt sem í henni kemur fram er rangt. Heimildarmaður hennar er nafnlaus pistlahöfundur og er með ólíkindum að ritstjórn fjölmiðilsins skuli verða ber að svo óvönduðum vinnubrögðum.“ Kærandi sendi ritstjóra Hringbrautar áskorun um leiðréttingu fréttarinnar og afsökunarbeiðni. Segir hann í bréfinu að verði ekki orðið við þeirri áskorun og fréttin dregin til baka muni hann leita réttar síns hjá siðanefnd Blaðamannafélagsins og eftir atvikum dómstólum.


Þá segir hann einnig að eignarhald Vefpressunnar og DV sé lögum samkvæmt birt opinberlega og að á vef fjölmiðlanefndar sé að finna lista yfir eigendur þessara félaga.

Í svari ritstjóra Hringbrautar segir að fréttin hafi eingöngu byggst á skrifum Ólafs Jóns Sívertsen, fasts dalkahöfundar Hringbrautar, sem hafi þá nýverið skrifað grein um vangaveltur sínar um eignarhald á DV. Þá staðfestir kærði að um sé að ræða dulnefni á greinarhöfundi. Í lok svarsins segir: „Í umfjöllun Hringbrautar um téða grein Ólafs Jóns er fjallað um

frétt sé full af rangfærslum og óhróðri má af henni ráða að átt sé við fullyrðingar fréttarinnar um að eignarhald og fjármögnun DV tengist formanni Framsóknarflokksins og að Gunnlaugur Sigmundsson sé svarið við ráðgátunni um fjármögnun enda er við það miðað í andmælum kærða. Siðanefnd telur kæruefni nægilega afmarkað með vísan til þess.

Fréttin er eingöngu byggð á vangaveltum úr tilvitnaðri grein Ólafs Jóns Sívertsen og ekki nefnt að um tilbúna persónu sé að ræða. Persónan er ekki kynnt til sögunnar sem slík, heldur mega lesendur ranglega ætla að um raunverulegan heimildarmann sé að ræða. Lesendur hafa því alls ekki tök á því að meta traust og trúverðugleika viðkomandi heimildar. Ber fréttin merki óvandaðra vinnubragða og villandi framsetningar þar sem blaðamaður hefur ekki vandað upplýsingaöflun sína og ekki leitast við að sannreyna það sem fram kemur í skrifum Ólafs Jóns.

Siðanefnd telur umrædda umfjöllun í frétt Hringbrautar brjóta í bága við 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands þar sem segir að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu.



vangaveltur hans um eignarhald á DV, en í texta utan tilvitnana er hvergi fullyrt neitt um eignarhaldið. Hér er því um enn einar vangaveltur um eignarhald á íslenskum fjölmiðlum að ræða, álíka og þekkist í öllum þeim fjölmörgu nafnlausu dalkum sem birst hafa í íslenskum fjölmiðlum í gegnum tíðina.“

Þrátt fyrir að kæruefni sé ekki tilgreint á annan hátt en að umrædd

#### Úrskurður:

Kærði, vefmiðillinn hringbraut.is, ritstjóri Sigmundur Ernir Rúnarsson, telst brotlegur við þriðju grein siðareglna BÍ. Brotið er alvarlegt.

Reykjavík 2. febrúar 2016  
Hjörtur Gíslason  
Björn Vignir Sigurpálsson  
Ásgeir P. Árnason  
Friðrik Þór Guðmundsson  
Jóhannes Tómasson

# Orlofshús

## Blaðamannafélags Íslands



## Sumarhús í Brekku, á Akureyri og í Stykkishólmi

Umsóknir um sumarhús BÍ skulu hafa borist skrifstofu félagsins í síðasta lagi **föstudaginn 15. apríl**. Sækja skal um á orlofsvef Blaðamannafélagsins ([press.is/hnappur](http://press.is/hnappur) „sumar 2015“) og einnig má senda póst á [orlofshus@press.is](mailto:orlofshus@press.is).

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu BÍ [www.press.is](http://www.press.is)  
Nánari upplýsingar á skrifstofu BÍ, Síðumúla 23, sími 553 9155.

### Alltaf hagstæð leiga

Vikugjald fyrir fullgilda félagi í BÍ verður kr. 15.000 í Litlu-Brekku og Stóru-Brekku (í ár er Stóra-Brekka ekki leigð með gestahúsi), kr. 20.000 á Akureyri og kr. 25.000 fyrir Stykkishólmi. Gjaldið greiðist við staðfestingu úthlutunar. (Heimilt er að greiða með Visa/Euro.)

### Stóra-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- 1. vika: 27. maí – 3. júní
- 2. vika: 3. júní – 10. júní
- 3. vika: 10. júní – 17. júní
- 4. vika: 17. júní – 24. júní
- 5. vika: 24. júní – 1. júlí
- 6. vika: 1. júlí – 8. júlí
- 7. vika: 8. júlí – 15. júlí
- 8. vika: 15. júlí – 22. júlí
- 9. vika: 22. júlí – 29. júlí
- 10. vika: 29. júlí – 5. ágúst
- 11. vika: 5. ágúst – 12. ágúst
- 12. vika: 12. ágúst – 19. ágúst
- 13. vika: 19. ágúst – 26. ágúst
- 14. vika: 26. ágúst – 2. sept.

Nafn: \_\_\_\_\_

1. vika \_\_\_\_\_ 2. vika \_\_\_\_\_  
3. vika \_\_\_\_\_ 4. vika \_\_\_\_\_

### Litla-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- 1. vika: 27. maí – 3. júní
- 2. vika: 3. júní – 10. júní
- 3. vika: 10. júní – 17. júní
- 4. vika: 17. júní – 24. júní
- 5. vika: 24. júní – 1. júlí
- 6. vika: 1. júlí – 8. júlí
- 7. vika: 8. júlí – 15. júlí
- 8. vika: 15. júlí – 22. júlí
- 9. vika: 22. júlí – 29. júlí
- 10. vika: 29. júlí – 5. ágúst
- 11. vika: 5. ágúst – 12. ágúst
- 12. vika: 12. ágúst – 19. ágúst
- 13. vika: 19. ágúst – 26. ágúst
- 14. vika: 26. ágúst – 2. sept.

Nafn: \_\_\_\_\_

1. vika \_\_\_\_\_ 2. vika \_\_\_\_\_  
3. vika \_\_\_\_\_ 4. vika \_\_\_\_\_

### Akureyri

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- 1. vika: 27. maí – 3. júní
- 2. vika: 3. júní – 10. júní
- 3. vika: 10. júní – 17. júní
- 4. vika: 17. júní – 24. júní
- 5. vika: 24. júní – 1. júlí
- 6. vika: 1. júlí – 8. júlí
- 7. vika: 8. júlí – 15. júlí
- 8. vika: 15. júlí – 22. júlí
- 9. vika: 22. júlí – 29. júlí
- 10. vika: 29. júlí – 5. ágúst
- 11. vika: 5. ágúst – 12. ágúst
- 12. vika: 12. ágúst – 19. ágúst
- 13. vika: 19. ágúst – 26. ágúst
- 14. vika: 26. ágúst – 2. sept.

Nafn: \_\_\_\_\_

1. vika \_\_\_\_\_ 2. vika \_\_\_\_\_  
3. vika \_\_\_\_\_ 4. vika \_\_\_\_\_

### Stykkishólmur

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- 1. vika: 27. maí – 3. júní
- 2. vika: 3. júní – 10. júní
- 3. vika: 10. júní – 17. júní
- 4. vika: 17. júní – 24. júní
- 5. vika: 24. júní – 1. júlí
- 6. vika: 1. júlí – 8. júlí
- 7. vika: 8. júlí – 15. júlí
- 8. vika: 15. júlí – 22. júlí
- 9. vika: 22. júlí – 29. júlí
- 10. vika: 29. júlí – 5. ágúst
- 11. vika: 5. ágúst – 12. ágúst
- 12. vika: 12. ágúst – 19. ágúst
- 13. vika: 19. ágúst – 26. ágúst
- 14. vika: 26. ágúst – 2. sept.

Nafn: \_\_\_\_\_

1. vika \_\_\_\_\_ 2. vika \_\_\_\_\_  
3. vika \_\_\_\_\_ 4. vika \_\_\_\_\_

Nefnið fleiri en eina viku til þess að auðvelda úthlutun!



# Félagaskrá BÍ

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
1	Þorbjörn Guðmundsson		1/9/1942	1/9/1942	43	Gísli Sigurgeirsson		1/9/1976	1/9/1976
2	Atli Steinarsson		30/6/1950	1/1/1951	44	Gróa Ormsdóttir		1/9/1976	9/1/1976
3	Elín Pálmadóttir		1/1/1951	1/1/1951	45	Jónas Haraldsson		9/4/1977	9/4/1977
4	Matthías Johannessen		1/1/1951	1/1/1951	46	Ragnar Thor Sigurðsson		1/12/1975	1/6/1977
5	Jónas Kristjánsson		1/2/1961	1/2/1961	47	Kjartan Stefánsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	9/11/1977	9/11/1977
6	Fríða Björnsdóttir		21/6/1961	1/10/1962	48	Sigurður H. Hreiðarsson		9/6/1959	1/1/1977
7	Bragi Guðmundsson		1/6/1962	1/6/1962	49	Sævar Guðbjörnsson	LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS		7/11/1977
8	Oddur Valur Ólafsson		1/1/1957	1/2/1967	50	Álfheiður Ingadóttir		1/6/1973	1/1/1979
9	Björn Sigurpálsson		15/10/1964	3/12/1965	51	Eiríkur Stefán Eiríksson		26/1/1978	26/1/1978
10	Magnús Finnsson		1/4/1965	1/4/1965	52	Heiður Helgadóttir		1/2/1978	1/2/1978
11	Steinar Lúðvíksson		1/9/1965	1/9/1965	53	Kristinn Hallgrímsson		1/6/1977	1/6/1978
12	Kári Jónasson		1/1/1962	1/1/1962	54	Hulda Steinunn Valtýsdóttir			1/9/1978
13	Ingvi Hrafn Jónsson		1/1/1966	1/1/1966	55	Emilía Björg Björnsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/9/1974	2/10/1978
14	Freysteinn Jóhannsson		1/5/1967	1/5/1967	56	Guðlaugur Bergmundsson		1/3/1979	1/3/1979
15	Árni Johnsen		7/10/1967	1/12/1968	57	Fríða Proppé		19/3/1979	19/3/1979
16	Jóhanna Kristjónsdóttir		7/10/1967	1/12/1968	58	Atli Rúnar Halldórsson	ATHYGLI	1/9/1976	1/6/1979
17	Styrmir Gunnarsson		1/6/1965	12/4/1970	59	Hilmar Karlsson		1/6/1979	1/6/1979
18	Kjartan Lárus Pálsson		1/6/1968	21/1/1971	60	Pórir Guðmundsson	RAUÐI KROSS ÍSLANDS	1/5/1979	1/5/1979
